

Lón

Starfsáætlun veturinn 2021-2022



Leikskólinn Klappir

Akureyri

Starfsáætlun Lóns

skólaárið 2021-2022

- Á deildinni eru 21 barn fædd 2017 og 2018.

Kennarar deildarinnar:

- Hafdís – deildarstjóri
 - Bjarkey – kennari
 - Sandra Marý – kennari
 - Kristín – kennaranemi
 - Sigurbjörg Ósk – kennaranemi
 - Sigpór Gunnar – starfsmaður í leikskóla. *Kennir hreyfistundir*
-
- Sérkennsla á sér stað bæði inni á deild í litlum hópum en einnig í daglegu starfi. Sérkennarar sinna auk þess einstaklingskennslu í svokölluðum vinnustundum.
-
- Sérkennararnir eru:
 - Gunnlaug - sérkennslustjóri
 - Katý - sérkennari
 - Kristjana – sérkennari
 - Helga Ósk - sérkennari

Áherslur í starfi

Á Lóni er unnið út frá áherslum Klappa og námssviðum Aðalnámskrár leikskóla. Við höfum til hliðsjónar Skólastefnu Akureyrarbæjar og lög um leikskóla. Í Klöppum verður unnið út frá kenningum Lev Vygotsky og John Dewey þar sem áhersla er á nám í gegnum leik, læsi og stærðfræði í daglegu starfi. Við fléttum inn í starfið námsefnið Lubbi finnur málbein, Leikur að læra, MIO, Stig af stigi, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, umhverfismennt og uppbyggingu sjálfsmyndar.

Klappir er SMT skóli þar sem starfsfólkið setur metnað sinn í að stuðla að góðu námsumhverfi, auka félagsfærni og ýta undir æskilega hegðun. Leikskólinn Klappir stefnir að því að verða Heilsuefandi leikskóli, Skóli á grænni grein og Réttindaskóli Unicef. Starfið í Klöppum verður því í stöðugri þróun næstu árin.

Læsi og samskipti á Lóni

- Læsi er ofið inn í alla þætti leiks og starfs. Markvisst er unnið að málörvun, tjáningu, orðaforða og málskilning. Unnið að því að efla rökhugsun, talnaskilning og rýmisvitund nemenda sem og hljóðkerfisvitund.
- Umhverfið er lestrarhvetjandi með bókstöfum og bókum, námsefni og leikföngum. Ritmálið er sýnilegt sem og stærðfræðileg hugtök, tölur og form.
- Námsefnið Lubbi finnur málbein ýtir undir hljóðnám, stafa-hljóðaþekkingu og fleiri undirstöðupætti lestrarnáms. Vikulega er tekinn fyrir bókstafur úr máhljóða stafrófi Lubba. Unnið er með máhljóðið og bókstafinn í sameiningu með lestri og umræðum. Bókstafurinn er hafður sýnilegur á matarborðum og í forstofu.
- Skriffæri eru reglulega í boði og nemendur eru hvattir til að merkja verk sín sjálf með upphafsstaf eða nafni.
- Afmælisdagatal nemenda hangir uppi á deild. Það er sett upp í hring með tilvísun til árstíðanna.
- Þrjár samverustundir eru yfir daginn þar sem markvisst er unnið með fyrirfram ákveðin þemu og verkefni.
- Í upphafi dags er samverustund þar sem kennari fer yfir dagskipulagið með nemendum; mánaðardag, veður, útifatnað, matseðil, máhljóð og orð vikunnar. Í þeirri samverustund fer kennari jafnframt myndrænt yfir það hvaða kennari er með hvaða samverustund og hverjir eru með hvíldirnar.
- Orð vikunnar eru tekin upp úr Orðaforða listanum og tengd við máhljóð vikunnar. Orðaforðalistinn var tekin saman af Menntamálastofnun og inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Orð vikunnar tengjast auk þess því þema sem unnið er með hverju sinni.
- Mikil áhersla er lögð á lestur og bækur. Bækur eru alltaf aðgengilegar. Kennarar lesa reglulega fyrir nemendum, ræða við þá um innihaldið og spyrja opinna spurninga. Vakin er athygli á ritmálinu, höfundu/höfundum og myndskreytingum. Hugað er að lesátt og orð eru tekin fyrir með markvissum hætti. Sérstök áhersla er lögð á umgengni við bækur, bókum er reglulega skipt út fyrir nýjar og bækur tengdar hverju þema eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin. Nemendur mega koma með bók í leikskólann tengda þema hverju sinni og í skipulögðum bókavikum á haust- og vorönn (sjá síðar).
- Nemendur kynnast íslenskum skáldum og rithöfundum, þau semja ljóð, búa til sögur og myndbönd, læra vísur og lög. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða fyrirfram ákveðnum þemum. Jafnframt er farið í leiki þar sem áhersla er lögð á stafrófið, rím, takt og hljóðgreiningu eða aðra leiki sem ýta undir athygli og einbeitingu. Myndbönd af söng námsþópsins verða sett inn í rafbækur nemenda. Í hverju þema er eitt lag tekið sérstaklega fyrir. Góð reynsla er af því að lofa nemendum að koma með bækur í leikskólann fyrir þau sjálf að lesa fyrir samnemendum í samverustund. Þessi sögustund þjálfar nemendur í að koma fram, endursegja sögu með myndirnar sér til stuðnings og tengja saman orðin í bókinni við það sem þau eru að

segja. Myndband er tekið af nemendum þegar þau eru að lesa og þau sett inn í rafbækur þeirra. Gert er ráð fyrir einni heimsókn á Amtsbókasafnið.

- Í Lóni er unnið með spil, leiki og smáforrit í spjaldtölvu sem ýta undir lestrar- og stærðfræðináms barna. Tíminn eftir síðdegishressingu er gjarnan nýttur í þess háttar vinnu.
- Klappir notast við Mio skimunarlista fyrir stærðfræði. Kennarar fylgjast með stærðfræðifærni nemenda og fylla út þar til gerðan lista þegar nemendur eru 2,5, 3,5 ára og 4,5 ára. Þessi skimun kannar rökhugsun og talnaskilning og tilgangurinn er að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda með snemmtækri íhlutun.
- Í hópastarfi, valstund og samverum fá nemendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma fram, segja sögu eða syngja. Nemendur þjálfast m.a. í að lesa í aðstæður, hlusta og sýna virðingu þegar aðrir eru að lesa eða tala.
- Unnið verður að því að koma á hentugu skipulagi í tónlist fyrir Klappir, eins og sameiginlegri söngstund, söngmöppum og nýtingu á hljóðfæravagni.
- Í nóvember, í kringum dag íslenskrar tungu, verður póstkassi á deildinni í eina viku og í aðra viku á vorönn. Í hann má setja bréf eða póstkort og jafnvel myndir með útskýringum sem nemendur gera heima með foreldrum sínum eða aðstandendum og koma með í póstkassann. Í samverustund les kennari bréfin með nemendum. Póstkassinn verður einnig notaður í desember (jólakort/ jólabréf).
- Þekking nemenda á bókstöfunum er könnuð þrisvar yfir árið. Tilgangurinn er að kanna hvort nemendur sýna framfarir og þá hvort áherslur deildarinnar skili sér í áhuga nemenda á stöfunum.
- Leikur er ríkjandi í starfi leikskólans og er ein helsta þroska- og námsleið barna. Nemendur fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í leik og starfi og endurskapa þar upplifun sína og reynslu. Útivera og skipulagt útinám er hluti af leik og starfi deildarinnar en einn hópatími á viku verður fastur í stundatöflu fyrir útinám. Í útinámi er farið í skipulagða leiki, verkefni og vettvangsferðir sem tengjast útinámi og þemastarfi.
- Í hreyfistundum er notast við námsefnið Leikur að læra. Leikur að læra er kennsluáðferð þar sem börnum eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt.
- Í hópastarfi er nemendum skipt upp í þrjá hópa og unnið er eftir skipulögðu þemastarfi auk almennra hópatíma inn á milli. Inn í þemavinnuna tengjast allir helstu þættir aðalnámskrár, læsi, stærðfræði, sköpun, útinám, sjálfbærni og svo áfram mætti telja.

Heilbrigði og vellíðan

- Möguleikar barna á að öðlast sterka sjálfsmynd felast að miklu leiti í því hvernig svörun þau fá við öllum sínum gjörðum og verkum sem og framkomu og viðmóti þeirra sem að þeim standa. Í Lóni leggja kennarar sig fram við að veita nemendum hlýju, virðingu, hvatningu og viðurkenningu sem og að setja þeim reglur, gefa útskýringar og hlusta.
- Kennarar leggja áherslu á jákvæð, merkingarbær og markviss hrós sem skila sér í sterkari sjálfsmynd nemenda og bættri líðan.
- Klappir er SMT skóli þar sem kennarar temja sér þá orðræðu sem þar er viðurkennd og eru með markvissa kennslu á reglum. Kennarar gefa skýr fyrirmæli, eru vingjarnlegir, nákvæmir og hnitmiðaðir. Reglurnar eru sýnilegar með leiðbeinandi myndum á veggjum. Kennarar minna á reglurnar án þess að vera með óþarfa endurtekningar. Börnunum er hrósað nákvæmt og kennarar nota gjarnan félagslega hvatningu eins og bros, þumal, fimmu og knús en setja jafnframt orð á þá hegðun sem verið að að hrósa fyrir. Nemendur safna brosum og halda umbuna veislur. Kennarar vinna markvisst að lausnaleit, skráningum og eftirliti og leitast við að leiðrétta neikvæða hegðun og styrkja jákvæða. Börnunum eru sett mörk þar sem notast er verkfæri SMT skólafærni eins og skýr fyrirmæli, leikhlé og uppbótarverkefni. Sérstök áhersla er lögð á jákvæða svörun og að kennarar eru fyrirmyndir barnanna.
- Í þemastarfi er m.a. unnið með þemun margbreytileiki, fjölmening. Lögð er áhersla á líkamsvitund og virðingu fyrir eigin líkama og annarra. Í þemavinnunni er komið inn á fjölbreytileikann og fjölskylduna en auk þess eru unnin verkefni í tengslum við sjálfsmynd og styrkleika nemenda. Fjölbreytileikinn og fjölmening er sameinað þema sem deildir skólans vinna að á sama tíma
- Unnið er sérstaklega að því að finna styrkleika nemenda og á afmælisdegi nemenda taka kennarar saman það jákvæða sem nemendur hafa um afmælisbarnið að segja. Í samverustundum er komið inn á tilfinningar, náungakærleika, víðsýni og o.fl.
- Unnið er að því að ýta undir vináttusambönd, tengslamyndum og jákvæð samskipti nemenda. Til að efla félags- og tilfinningaproska nemenda er notast við kennsluefnið Stig af stigi sem er ætlað fyrir börn fædd 2017. Börnin æfa sig í að setja sig í spor annarra sem og að leysa úr vanda. Í Stig af stigi er farið yfir frumtilfinningarnar 6 með það að markmiði að börnin eflist í að setja orð á tilfinningar sínar, sem er einn liður í að læra að þekkja sjálfan sig og styrkja eigin sjálfsmynd.
- Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og þrautseigju nemenda í flestum athöfnum daglegs starfs. Nemendur eru hvattir til að leysa úr vanda sem upp kemur sjálf og nota til þess félagslegan skilning.
- Leikur er ríkjandi í starfi leikskólans og er ein helsta þroska- og námsleið barna. Nemendur fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg

samskipti í leik og starfi og endurskapa þar upplifun sína og reynslu. Nemendur velja sér leiksvæði þar sem 2-3 leikefni eru í boði í einu.

- Nemendur fá ríkuleg tækifæri til að tjá sig í mismunandi stórum hópum. Með auknu öryggi tjá nemendur sig meira og finna að þeir, skoðanir þeirra og tilfinningar skipta máli og allt ýtir það undir betri félagsleg tengsl.
- Vikulega er hreyfistund með krefjandi og fjölbreyttri hreyfingu sem reynir á kraft, styrk, jafnvægi, samhæfingu og hugrekki sem og að nemendur læra stafi, hljóðkerfisvitund og fleira bóklegt í gegnum hreyfingu, skynjun og leiki með námsefninu Leikur að læra. Í hreyfistund reynir einnig á að skiptast á, fara eftir reglum og sýna tillitssemi. Hreyfistundirnar verða í takt við þemuvinnu deildarinnar.
- Daglega er ríkuleg útivera með frjálsum leik, vettvangsferðum og útinámi.
- Fjölmeningarvika verður haldin í janúar. Nemendur vinna ýmis verkefni tengd fjölmenningu og kynnast ólíkri menningu og tungumálum landa sem tengjast nemendum deildarinnar.
- Daglega er lögð áhersla á hvíld, næringu og hreinlæti.

Sköpun og menning

- Teikniþroski barna er mikilvægur hluti í heildar þroskaferli þeirra og er það hlutverk skólans að nýta þetta tjáningarform til að þroska og efla einstaklinginn. Börn njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Sköpun er gefið ríkulegt svigrúm í þemastarfinu, í frjálsum leik og í tengslum við hátíðir og hefðir. Nemendur finna efniviði nýtt hlutverk og fá tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Börnin fá tækifæri til að tengja listsköpun við umhverfi, menningarleg verkefni Akureyrar og nágrennis til að kveikja á fjölbættum áhuga nemenda á nærumhverfi sínu, grenndarkennslu og innri hvöt til sköpunar.
- Í leikskólanum fá nemendur ríkuleg tækifæri til sköpunar með margvíslegum efnivið en sérstök áhersla er lögð á endurnýtanlegan efnivið. Leikskólinn Klappir stefnir að því að verða skóli á grænni grein og því verða unnin ýmis verkefni í tengslum við umhverfismennt.
- Nemendur kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum ásamt því syngja og læra ýmis lög tengd viðkomandi viðfangsefni.
- Reglulega eru sameiginlegur söngsalur með öllum nemendum skólans.
- Kennarar stuðla að ígrundun nemenda með því að ræða saman um ýmis málefni. Nemendur segja sjálf frá, koma með póst að heiman, semja ljóð, sögur, taka upp myndbönd, leikþætti o.fl.
- Með ljóða verkefnum/teiknitúlkun í þemastarfi fá nemendur tækifæri til að upplifa og túlka íslensk ljóð í gegnum myndlist.

- Í þemastarfinu er komið inn á alla þætti aðalnámskrár og þar á meðal menningu. Komið er inn á fjölmenningu, menningu ólíkra þjóða, menningu og uppruna Íslendinga í þemanu íslenskt mál sem og að hátíðum og hefðum er gert hátt undir höfði.

Sjálfbærni, vísindi og Grænánaverkefnið

- Nemendur fá fræðslu um nýtingu, flokkun og endurvinnslu og eru virkir þátttakendur í öllu umhverfisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og lífríki með reglulegum ferðum um nærumhverfið þar sem nemendur rannsaka umhverfi sitt og náttúru. Kennarar ýta undir forvitni og vangaveltur nemenda og vekja athygli á því sem gerist í umhverfi þeirra.
- Allur fjölnota efniviður er flokkaður og honum skilað í græna tunnu. Börnin flokka auk þess matarafganga og safna í moltutunnu.
- Rík áhersla er á útiveru og útinám. Nemendur vinna verkefni í tengslum við árstíðabundnar breytingar í náttúrunni.
- Í myndsköpun er notast við endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið. Lögð er áhersla á að fara vel með hluti og efnivið.
- Umhverfisstarfi er gert sérstaklega hátt undir höfði eina viku á skólaárinu þar sem farið er ítarlega í fræðslu um náttúruna, flokkun, vistspor, rotnun, hringrásir, sóun ofl.
- Klappir stefnir að því að vera Skóli á grænni grein og verða nemendur virkir þátttakendur í ferlinu sem og öllu umhverfisstarfi.
- Nemendur kynnast ýmsum lífverum í náttúrunni og lífsháttum, verndun umhverfisins, hringrásum o.fl.. Farið er sérstaklega í þessu vinnu að vori þegar lífríkið lifnar við. Þá eru farfuglarnir, skordýrin og lífríkið sérstaklega tekið fyrir.
- Farið er í leiki og verkefni unnin eins og náttúru-, fugla- og fjörubingó ofl.
- Börnin kynnast sáningu fræja og matjurta.
- Á salernum eru nemendur hvattir til að spara vatn, sápu og pappír. Við matarborðið leitast kennarar við að kenna nemendum hæfilega hófsemi við skömmtun, flokkun og endurnýtingu.
- Nemendur kynnast eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í nóvember er vísindavika þar sem unnið er sérstaklega með þetta þema.
- Markvisst er unnið að því að efla rökhugsun og talnaskilning nemenda. Kennarar fylgjast með færni nemenda og fylla út Mio skífu fyrir hvert barn.
- Í gegnum bækur, lög og þulur læra nemendur að bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu og er það mikilvægur hluti umhverfisvitundar.

- Í útinámi sem og í þemastarfi læra börnin um umhverfi sitt, fræðst um náttúruna, árstíðirnar og hringrás þeirra.

Jafnrétti og lýðræði

- Mikil áhersla er lögð á að skólastarfið endurspegli fjölbreytileika mannlífsins.
- Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir nemendur til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Kennarar vinna að því að efla þekkingu nemenda á eigin sjálfsmynd og kostum sem og annarra.
- Nemendur læra um ólíkar fjölskyldugerðir, ólíka einstaklinga og að bera virðingu fyrir ólíkum lífnaðarháttum.
- Kennarar leggja áherslu á að nemendur skiptist á og sýni tillitsemi í hópastarfi, samverustundum og öllu daglegu starfi.
- SMT - reglur skólans kveða á um mikilvægi þess að sýna tillitssemi, hlusta þegar aðrir eru að tala, virða einstaklinginn og gefa öðrum næði svo eitthvað sé nefnt.
- Í Stig af stigi er lögð áhersla á að nemendur æfist í lausnaleit og að setja sig í spor annarra. Hugað er að samskiptum barnanna, þau eru hvött til að leysa úr vanda sjálf og nota til þess félagslegan skilning.
- Notast er við lýðræðislegar kosningar þegar ákvarðanir innan barnahópsins eru teknar t.d. þegar kjósa á nafn á hópa og við val á SMT - umbun. Hugað er að því að skipta jafnt á milli barnanna og að þau hafa öll sömu tækifæri í skólanum og fá notið sín.